

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Selfossi, 18. mars 2014

Efni: Athugasemdir vegna tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða að flytja Hvammsvirkjun úr biðflokki í orkunýtingarflokk.

Undirrituð gerir alvægar athugasemdir við tillögu 3. áfanga rammaáætlunar um að flytja Hvammsvirkjun aftur úr biðflokki í orkunýtingarflokk og verða hér tilgreindar tvær meginástæður.

1. ÁHRIF VIRKJANA Á STOFN LAXFISKA Í ÞJÓRSÁ

Faghópur sem settur var saman með það að markmiði að meta áhrif Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjana á laxfiska í Þjórsá (2013) metur svo að fyrirbyggjandi gögn um mótvægisáðgerðir nægi ekki til að réttlætanlegt sé að færa Holta- og Urriðafossvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk en telur færslu á Hvammsvirkjun réttlætanlega.

Vissulega bendir faghópurinn á að tækifæri væri á að rannsaka áhrif sambærilegra virkjana ef farið yrði í framkvæmd Hvammsvirkjunar. En að sama skapi tilgreinir faghópurinn að mótvægisáðgerðir þurfi að vera ítarlegri, skipuleg viðbragðsáætlun sé ekki til staðar ef mótvægisáðgerðirnar mistakist og lýsir yfir áhyggjum af lítilli þekkingu á göngu- og staðbundnum stofnum urriða og bleikju í Þjórsá og kallar eftir auknum rannsóknum á því sviði.

Bygging virkjana við Holt og Urriðafoss er háð því að virkjað sé fyrst við Hvammsvirkjun. Ef faghópurinn mælir gegn því að færa Holta- og Urriðafossvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk, af hverju að ráðast í Hvammsvirkjun? Á Hvammsvirkjun virkilega að vera tilraunasvæði er kemur að áætluðum mótvægisáðgerðum Landsvirkjunar við Holta- og Urriðafossvirkjanir? Slík náttúruleg tilraunastarfsemi myndi fara heiftarlega gegn hugmyndafræði varúðarreglunnar, sem kveður á um að ef áhrif tiltekinn athafna sé óljós eða óþekkt skuli gæta ítrústu varúðar og forðast með öllu áhættuþætti. Mótvægisáðgerðir sem hafa ekki reynslu og/eða nægilegar rannsóknir að baki, líkt og á við um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir við Hvammsvirkjun, duga ekki til að forðast með öllu áhættuþætti.

2. ÓFULLNÆGJANDI RANNSÓKNIR Á GRÓÐRI Á VIRKJANASVÆÐUM

Mörgum eyjum verður sökk ef Hvammsvirkjun verður að raunveruleika og rennsli í kring um aðrar verður lítið sem ekkert. Þetta breytir óhjákvæmilega lífríki við áhrifasvæðið. Þá munu stór svæði fara undir uppðælingarsvæði og eru þar á meðal fjölbreytt og vel gróin svæði, m.a. fjölbreyttur mosagróður.

Rannsóknir á gróðurfari á virkjanasvæðum neðri hluta Þjórsár fóru fram með þeim hætti að gróðurfar var kortlagt út frá loftmyndum og tegundasýni voru tekin á fyrirhuguðu Hagalónsstæði. Ekki virðist hafa verið farið út í helstu eyjarnar sem verða jafnvel fyrir verulegum áhrifum. Þar má helst nefna Yrjasker, Líknýjarhólma og Hagaey sem lenda að öllu eða mestu leyti undir Hagalón og Minnanúpshólma og Ölmóðsey sem verða fyrir verulegri skerðingu vatnsrennslis sem umlykur þær með miklum flúðum og veitir þeim náttúrulega vörn gegn ágangi búfjár og manna.

Í rannsókn á gróðurfari við virkjanasvæði neðrihluta Þjórsár fundust þrjár mosategundir sem teljast sjalgæfar á landsvísu, þar af tvær sem teljast sjaldgæfar á heimsvísu, sjö fléttutegundir sem teljast sjaldgæfar á heims- og/eða landsvísu, fjórar tegundir fléttuháðra sveppa sem hafa ekki fundist áður á Íslandi og eru því sjaldgæfar á landsvísu og ein tegund sveppa sem er sjaldgæf á landsvísu.

Árið 2009 var gerð rannsókn á Minnanúpshólma (Viðey) í Þjórsá. Á eyjunni fundust á meðal 74 háplöntutegunda tvær tegundir sem teljast sjaldgæfar á landsvísu; kjarrhveiti og grænliilja.

LOKAORÐ

Af framangreindum ástæðum tel ég ekki tímabært að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í orkunýtingarflokk.

Það er ófullnægjandi að mótvægisáðgerðir vegna áhrifa Hvammsvirkjunar á laxfiska verði tilraunastöð fyrir aðrar fyrirhugaðar virkjanir. Beita skuli varúðarreglunni í hvívetna. Náttúran á ekki að líða fyrir „hagkvæmni“ virkjanakosta eða pólitískan þrýsting. Að auki má spyrja um tilgang þess að ráðast í framkvæmdir við Hvammsvirkjun ef ekki á að færa Holta- og Urriðafossvirkjanir úr biðflokki í orkunýtingarflokk m.a. m.t.t. neikvæðra áhrifa þeirra á laxfiska í Þjórsá.

Þrátt fyrir að rannsóknir á gróðri við Hagalón og áhrifasvæði þess hafi verið faglegar og vandaðar hefur ekki verið tækifæri til að gera þær nægilega ítarlegar, einkum hvað varðar eyjar í Þjórsá og sýndi nýleg rannsókn á Minnanúpshólma fram á það.

Spurningin er ekki hvort Hvammsvirkjun hafi töluverð óafturkræf áhrif á náttúrufar neðri hluta Þjórsár og nærliggjandi svæði, heldur hversu mikil eru áhrifin og hversu mikil er óvissan? Þessum spurningum þarf að svara og þessum spurningum er svarað með því að stíga hægt til jarðar og gefa meiri tíma í frekari rannsóknir.

Elín Guðmundsdóttir,
Náttúrufræðingur
Selfossi.

HEIMILDIR

Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Sigurður H. Magnússon (2013). Gróður í Viðey í Þjórsá.

Áhrif beitarfriðunar. Náttúrufræðingurinn 83 (1-2), bls. 49-60.

Kristbjörn Egilsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðríður Gyða

Eyjólfsdóttir og Starri Heiðmarsson (2002). Gróður og fuglar á áhrifasvæði

fyrirhugaðrar virkjunar í Þjórsá við Núp. Náttúrufræðistofnun Íslands, Unnið fyrir

Landsvirkjun

Rannsóknir og þróun/ Virkjunarkostir/ Hvammsvirkjun. Sótt á vef Hvammsvirkjunar 18.

Mars 2014 www.landsvirkjun.is.

Sigmundur Einarsson, Ólafur A. Jónsson og Áki Ó. Thoroddsen (2003). Virkjun Þjórsár við

Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla

unnin fyrir Landsvirkjun, Reykjavík. 191 bls.

Skúli Skúlason, Hilmar J. Malmquist, Sigurður Már Einarsson og Sigurður S. Snorrason

(2013). Mat faghóps á óvissu fyrirbyggjandi upplýsinga um áhrif Hvamms-, Holta- og

Urriðafossvirkjana í neðri hluta Þjórsár á laxfiska í ánni.